

Kátir Dagar 2011 í Fjölbrotaskóla Suðurlands Lokaskýrsla

Undirritaðar sátu nokkra fundi með Kátudaganefnd þar sem hugmyndir voru reifaðar og fólk skipti með sér verkum. Krakkarnir voru mjög áhugasamir með Daða Frey í farabroddi. Við erum sammála um að undirbúningur hefði mátt byrja fyrir og við gerum það að tillögu okkar að nefndin sé minnt á að lesa vorskýrsluna á sínum fyrsta fundi. Þar koma fram ýmis atriði sem vert er að hafa í huga við skipulagningu Kátradaga. Dagskrá Kátradaga lá of seint fyrir og heyrðum við nemendur kvarta yfir því. Bæklingur kom alltof seint og sérdeildin var einstaklega óánægð með það.

Við tókum að okkur að skipuleggja vinadaga meðal nemenda og það tókst ekki nógu vel. Þátttaka var lítil, nemendur settu nöfn félaga sinna í boxið til þess að stríða þeim og eins hefðum við þurft að skipuleggja þetta betur og við hefðum þurft að skýra betur lokamarkmið með leiknum en það var jú auðvitað að efla samhug og vináttu milli nemenda.

Við settum upp kaffihús í nemendamötuneytinu í samvinnu við aðrar nefndarkonur og starfsmenn mötuneytis. Það heppnaðist mjög vel og vakti almenna ánægju. Þetta var gamaldags kaffihús með dúklögðum borðum, ruggustól, prjónum og bókum þar sem hægt var að setjast niður og hugga sig. Starfstúlkur kaffihússins buðu upp á ýmsar nýjungar í meðlæti. Kaffihúsið var mjög vel sótt, bæði af starfsmönnum og nemendum.

Boðið var uppá ýmsar nýjungar. Þar ber hæst manntaflíð undir stjórn Gunnlaugs Bjarnasonar og Lárusar sögukennara. Það þótti takast einstaklega vel. Eins stjórnaði Gunnlaugur útileik að hætti Harry Potter sem vakti mikla lukku. Aðrir dagskrárliðir voru í hefðbundnari kantinum, snyrting, klipping, spákona, bíósýningar, tölvuleikir og fleira.

Lokahnykkurinn fór fram í Iðu eins og venjulega.

Að lokum viljum við nefna að þrátt fyrir að þessir Kátudagar sé skemmtileg viðbót við skólastarfið og vel til fallnir til að efla samhug skólasamfélagsins þá erum við sammála um að það þyrfti að virkja fleiri við undirbúning og þátttöku.

Með kærri sumarkveðju

Anna og Vera